



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 2.1

Dags.: 4. júní 2015

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **STAINLESS CLEAN**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiefni.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar

CLP-FLOKKUN Eldf. úði 1; H222, H229
Húðert. 2; H315
STOT SE 3; H336
Langv. eit. á vatn. 2; H411

2.2. Merkingaratriði



Hættumerki

Viðvörðunarorð

Hættusetningar (CLP)

Hætta
H222 – Úðabrúsi með afar eldfimum efnum.
H229 – Brýstihylki: Getur sprungið við upphitun.
H315 – Veldur húðertingu.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Varnaðarsetningar (CLP)

P210 – Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum.
P211 – Má ekki úða á opinn eld eða annan íkveikjuvald.
P235 – Geymist á köldum stað.
P241 – Notið sprengiheld rafföng/lofttræstibúnað/lýsingu og áhöld við meðhöndlun.
P242 – Notið ekki verkfæri sem mynda neista.
P251 – Ekki má gata eða brenna brúsa jafnvel þótt þeir séu tómir.
P261 – Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P273 – Forðist losun út í umhverfið.
P280 – Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífur/andlitshlífur.
P312 – Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
P301+P310+P331 – EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.
P303+P361+P353 – BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340 – EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P410+P412 – Hlífið við sólarljósi og hærri hita en 50°C.

Inniheldur

Bútan, própan, heptan.

2.3. Aðrar hættur

PBT/vPvB

Hvorki flokkað sem PBT- né vPvB-efni.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efnisþáttur	Efnakenni	Magn %	CLP-flokkun
Heptan	CAS# 142-82-5 EINECS# 205-563-8 REACH# 01-2119457603-38	30-50	Eldf. vökvi 1; H225 Eit. v. ásvelg 1; H304 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410
Bútan	CAS#: 106-97-8 EINECS#: 203-448-7 REACH# 01-2119474691-32	20-30	Eldf. loftt. 1; H220
Própan	CAS#: 74-98-6 EINECS#: 200-827-9 REACH# 01-2119486944-21	20-30	Eldf. loftt. 1; H220
Nafta (jarðolía), vetnismeðhöndlað létt	CAS# 64742-96-7 EINECS# 265-200-4 REACH# 01-2119494188-25	3-5	Eldf. vökvi 2; H225 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðert. 2; H315 STOT SE 3; H336 Langv. eit. á vatn. 2; H411
d-Límónen	CAS# 5989-27-5 EINECS# 227-813-5 REACH# 01-2119487078-27	1-3	Eldf. vökvi 3; H226 Eit. v. ásvelg. 1; H304 Húðnæm. 1B; H317 Bráð eit. á vatn. 1; H400 Langv. eit. á vatn. 1; H410
Hvítolía (jarðolía)	CAS# 8042-47-5 EINECS# 232-455-8 REACH# 01-2119487078-27	1-3	Ekki flokkað

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIhjÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Eftir innöndun	Færið viðkomandi strax í ferskt loft og látið hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið lækni ef einkenni vara.
Eftir snertingu við augu	Fjarlægið snertilinsur og skolið opin augu með vatni í a.m.k. 10 mínútur eða þangað til erting hættir. Leitið lækni ef erting er viðvarandi.
Eftir snertingu við húð	Þvoið húðina vandlega með sápu og vatni. Farið úr óhreinuðum fatnaði. Leitið lækni ef einkenni koma fram.
Eftir inntöku	Færið viðkomandi í ferskt loft. Fjarlægið alla íkveikjugjafa. Skolið munninn með vatni og gefið vatn að drekka í smáum skömmtum, þó aðeins ef viðkomandi er með meðvitund. Ekki framkalla uppköst. Ef uppköst verða, beygið höfuðið fram svo ælan rati ekki ofan í lungu. Ef viðkomandi er meðvitundarlaus, setjið í læsta hliðarlegu og tryggið að öndunarvegur sé opin. Leitið lækni strax.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafir

Einkenni og áhrif	
Innöndun	Ertng, hósti, höfuðverkur, sljóleiki, svimi, rugl.
Inntaka	Ekki líkleg íkomuleið þar sem efnið er í úðabrúsa. Getur valdið ógleði, uppköstum, niðurgangi og magaverkjum.
Húð	Húðþurrkur, roði, ertng, sprungin húð.
Augu	Ertng, roði.

4.3. Merki um þörf á bráðri læknisþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Meðhöndlun	Meðhöndlið einkenni. Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef efnið er tekið eða andað inn í miklu magni.
-------------------	---

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Slökkviðuft, alkóhólþolin froða, sandur, vatnsúði.
Óviðeigandi	Vatnsbuna.

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Sérstök hættu	Umbúðir geta sprungið við upphitun vegna þrýstings. Afar eldfimt. Flytjið umbúðir frá eldi ef mögulegt án áhættu. Kælið með vatnsúða.
Myndefni við bruna	Kolefnisoxíð og aðrar eitraðar lofttegundir eða gufur.

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Hlíðarþúnaður

Færið ílát frá eldinum ef mögulegt án áhættu eða kælið með vatnsúða. Notið fersklöftstæki í bruna og öndunargrímu sem hylur allt andlitið. Notið efnaþolin hlífðarfatnað sem uppfyllir kröfur staðalsins EN469.

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Ráðstafanir

Notið persónuhlífar. Sjá 8. lið. Haldið óvörðum og óviðkomandi frá. Snertið hvorki né gangið á leka. Fjarlægjið alla íkveikjugjafa. Reykið ekki á vinnusvæði. Tryggið næga loftræstingu.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir

Gerðið viðeigandi yfirvöldum viðvart í tilviki meiriháttar leka. Hindrið dreifingu leka og að hann berist í jarðveg, vatnsfarvegi og niðurföll.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir

Stöðvið leka ef mögulegt án áhættu. Færið ílát frá lekasvæðinu. Nálgist leka vindmegin frá. Safnið leka með hvarftregu ísogsefni (sandur, jarðvegur, kísilgúr) og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Notið áhöld sem neista ekki. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir

Sjá liði 8 og 13.

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Ráðstafanir

Hristið vel fyrir notkun. Úðið ekki á opinn eld eða glóandi efni. Takið ekki inn. Haldið fjarri hita, neistum og opnum eldi. Varist snertingu við húð og augu. Varist að hella niður. Tryggið næga loftræstingu. Varist innöndun gufu. Gufur frá efninu eru þyngri en loft og geta safnast fyrir í lægðum og sprungið í snertingu við eld eða annan íkveikjuvald. Matist ekki, drekkið eða reykið þar sem efnið er meðhöndlað. Þvoið hendur og andlit vandlega áður en matast er, drukkið eða reykst. Farið úr óhreinkuðum fatnaði áður en farið inn í rými þar sem matast er.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmanleika

Geymsla

Þrýstihylki: Hlífið við hita yfir 50°C. Gatið hvorki né brennið, jafnvel þótt ílát séu tóm. Geymið á köldum, þurrum og vel loftræstum stað fjarri beinu sólarljósi og íkveikjugjöfum.

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun

Engar upplýsingar.

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað

Efni	8 klst. TWA	Skammtíma 15 mín.	Heimild
Heptan	800 mg/m ³	1200 mg/m ³	Svíþjóð; AFS
Nafta (jarðolía), vetnismeðhöndlað létt	300 mg/m ³	600 mg/m ³	Svíþjóð; AFS
Hvítolía (jarðolía)	1 mg/m ³	3 mg/m ³	Svíþjóð; AFS
Límónen	150 mg/m ³	300 mg/m ³	Svíþjóð; AFS

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar ráðstafanir

Tryggið næga loftræstingu.

Persónuhlífar skulu uppfylla viðeigandi staðla, vera í góðu standi og vel við haldið. Leita skal ráða hjá birgi við val á persónuhlífum að teknu tilliti til viðeigandi staðla (EN14042). Staðlar eru tilgreindir innan sviga.

Hreinlæti

Gerðið tæknilegar ráðstafanir til að lágmarka styrk efna í lofti. Reykið ekki í vinnurými. Þvoið hendur eftir meðhöndlun, áður en matast er og farið á klósett. Reykið hvorki, matist né reykið við meðhöndlun. Farið strax úr óhreinkuðum fatnaði. Þvoið húðina með vatni og sápu.

Til hlífðar augum

Notið efnaþolin öryggisglæraugu ef hætta er á snertingu við augu (EN166).

Til hlífðar húð

Notið hlífðarfatnað ef hætta er á snertingu við húð.

Til hlífðar höndum

Notið efnaþolna og ógegndræpa hanska (EN374).

Ráðlagt efni í hönskum: Nítrílgúmmí, vítón. Skiptið reglulega út hönskum.

Til hlífðar öndun

Notið öndunarhlífar við mikla þéttni. Notið öndunargrímu með samsettri síu (AX/P2).

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Úði
Litur	Litarlaust
Lykt	Leysiefni
Blossamark	Óákvarðað; Bútan: -60°C; Própan: -104°C
Gufuþrýstingur	Engin gögn
Eðlisþyngd	0,65
Sprengeiginleikar	Lofteggundir undir þrýstingi; umbúðir geta sprungið við upphitun
Leysni	Engin gögn

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin skaðleg hvörf þekkt.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Skaðleg fjölliðun/efnahvörf Engin skaðleg hvörf þekkt við venjuleg skilyrði.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Varasöm skilyrði Hiti, eldur og aðrir íkveikjugjafar.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Engin tilgreind.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Niðurbrotsefni Engin skaðleg niðurbrotsefni við venjulega notkun og geymslu.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Bráð eiturrif

Nafta (jarðolía) vetnismeðhöndlað létt

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta	56 mg/l (gufa)

Própan

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
LC50	Innöndun, rotta	>200000 ppm

Heptan

LD50	Inntaka, rotta	>5000 mg/kg
------	----------------	-------------

Augu

Hætta á kalskemmdum í snertingu við augu.

Inntaka

Ertir munn, háls og maga.

Húð

Þurrkar húð. Getur valdið húðertingu.

Innöndun

Gufur geta valdið höfuðverk, þreytu, sljóleika og ógleði. Getur valdið ertingu í öndunarfarum. Langvarandi innöndun við mikla þéttni getur skaðað öndunarfæri.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif

Engin gögn tiltæk um vöruna. Flokkun byggir á gögnum um innihaldsefni.

Heptan

EL50	Þörungur, 72 klst.	4,3 mg/l
LL50	Ferskvatnsfiskur, 96 klst.	5,7 mg/l
EC50	Halafær, 48 klst.	1,5 mg/l

Nafta (jarðolía), vetnismeðhöndlað létt

LC50	Fiskur, 96 klst.	<10 mg/l
EC50	Halafær, 48 klst.	<10 mg/l

Própan

IC50	Þörungur, 72 klst.	11,3 mg/l
LC50	Fiskur, 96 klst.	16,9 mg/l
EC50	Halafær, 48 klst.	16,3 mg/l

12.2. Þrávirgni og niðurbrjótanleiki

Lífbrjótanleiki

Brotnar greiðlega niður.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun

Inniheldur efni sem geta safnast upp (d-Límónen).

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Inniheldur efnisþætti sem eru hreyfanlegir í jarðvegi (d-Límónen).

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

PBT/vPvB Inniheldur hvorki PBT- né vPvB-efni.

12.6. Önnur váhrif

Váhrif Engar upplýsingar.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun Varist eða lágmarkið myndun úrgangs. Hættulegur úrgangur. Ekki gata eða brenna umbúðir vegna hættu á sprengingu. Fargið í samræmi við gildandi lög og reglur.

Úrgangskóði 15 01 10 – Umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

14.1. Alþjóðlegar reglur

- ADR/RID

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS
Flokkur	2,5F
Merkingar	2.1
Hættulegt umhverfinu	Nei
Gangakóði	(D)

- IMDG/IATA

UN-númer	1950
Rétt sendingarheiti	AEROSOLS, flammable
Flokkur	2.1
EmS	F-D, S-U
Hættulegt umhverfinu	Nei

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.
- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggismat Ekkert efnaöryggismat.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

CLP H220 – Afar eldfim lofttegund.
H222 – Úðabrúsi með afar eldfimum efnum.
H225 – Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H226 – Eldfimur vökvi og gufa.
H229 – Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun.
H304 – Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H315 – Veldur húðertingu.
H317 – Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð.
H336 – Getur valdið sljóleika eða svima.
H400 – Mjög eitrað lífi í vatni.
H410 – Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.
H411 – Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Skammstafanir

ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum.
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum.

ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum .
Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum.

DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif.

IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning.

LC50: Miðgildisbanastyrkur.

LD50: Miðgildisbanaskammtur.

IC50: Miðgildisheftistyrkur.

PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð.

PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg.

PPM: Milljónarhluti.

REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni.

TWA: Tímavegið meðaltal.

vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun 4. júní 2015.

Útgáfa 2.0

Gert þann 7. maí 2017.

Þýðing og uppsetning Reynir Hjálmarsson

Heimild Cargo Oil AB, Partille, Svíþjóð, sds@cargo-oil.se